

Félagslög fyrir Grænni byggð

Lögð til samþykktar á aukastofnfundi þann 13. apríl 2010

(breytingar gerðar 2013, 2016, 2017, 2018, 2020, 2021, 2023)

HEITI OG AÐSETUR

1. gr.

Félagið heitir Grænni byggð. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.

TILGANGUR OG MARKMIÐ

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vera leiðandi vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.

Markmið félagsins er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði.

STOFNENDUR

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar;

Almenna verkfræðistofan

Arkís ehf

ASK arkitektar

Arkitektur.is

Brunamálastofnun

Basalt arkitektar

Byko

EFF Eignarhaldsfélagið fasteign

EFLA

Fasteignir ríkissjóðs

Framkvæmdasýsla ríkisins

Hornsteinar

Háskólinn í Reykjavík

Húsasmiðjan

ÍAV

Ístak

Orkuveita Reykjavíkur

Reitir fasteignafélag

Reykjavíkurborg

Ríkiskaup

Sólheimar

Teiknistofan Tark ehf.

Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar

Urriðaholt hf.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands

Verkís

VSÓ Ráðgjöf

KJG Ráðgjöf

Landslag ehf.

Landsvirkjun

Mannvit

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Engin sérréttindi tilheyra stofnendum félagsins.

AÐILD

4. gr.

Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir, einstaklingar og sveitarfélög geta orðið aðilar. Þá geta einstaklingar sótt um stuðningsaðild. Umsókn um aðild skal fara fram með þeim hætti sem stjórnin ákveður hverju sinni.

Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert. Stjórn félagsins ákvarðar árgjald fyrir upphaf hvers árs. Við ákvörðunina skal stjórnin taka mið af almennri verðlagsþróun og fjárhagsstöðu félagsins og gæta jafnræðis milli aðildarflokka.

Aðilar greiða það árgjald sem tilheyrir þeim aðildarflokki sem þeir hafa valið sér í umsókn sinni og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 4 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 4. flokk með eitt atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokk með tvö atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokk með fjögur atkvæði á aðalfundi og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk með sex atkvæði á aðalfundi. Stjórn félagsins ákveður nánar um hvaða ávinning einstakir flokkar aðildar hafa, annan en atkvæðavægi.

Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn eða færslu milli aðildarflokka fyrir 1. febrúar ár hvert.

AÐALFUNDUR

5. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins hefur aðalfundur. Aðalfund félagsins skal halda fyrir 1. maí ár hvert.

Stjórn félagsins boðar til aðalfundar bréflaga eða með rafpósti með minnst 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Aðilar skulu skipa einn aðalfundarfulltrúa hver. Heimilt er aðilum að senda áheyrnarfulltrúa á aðalfund sem þó fer ekki með atkvæðisrétt.

Aðilar sem hafa staðið skil á greiðslum félagsgjalda við upphaf aðalfundar hafa heimild til að taka þátt í aðalfundi. Aðalfundarfulltrúar hafa umboð til fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem fyrir aðalfundi liggja, enda hafi þeirra verið getið samkvæmt boðaðri dagskrá aðalfundar.

Atkvæðisréttur aðalfundarfulltrúa veltur á þeim flokki aðila sem félagsgjöld hafa verið greidd fyrir. Aðalfundi stýrir kjörinn fundarstjóri. Einnig skal kosinn ritari fundarins.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.
2. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.
3. Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.
4. Reikningskil.
5. Tillögur og breytingar á lögum félagsins.
6. Kjör stjórnar.
7. Kjör skoðunarmanna (sbr. 9.gr.)
8. Önnur mál.

Auka aðalfund skal halda ef aðilar með 2/3 skráðs atkvæðamagns óska þess. Einnig ef tveir stjórnarmenn krefjast þess eða framkvæmdastjóri.

STJÓRN

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö einstaklingum.

Skulu þrír einstaklingar kosnir í stjórn annað hvert ár en fjórir skulu kosnir hitt árið. Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn. Stjórnarmenn geta verið endurkjörnir að hámarki þrisvar sinnum í röð. Stjórnarformaður, sem kosinn er af stjórn, getur að hámarki setið sem stjórnarformaður í fjögur starfsár í röð.

Aðeins fulltrúar aðildarfélaga og einstaklingsaðilar eru kjörgengir til stjórnar félagsins á aðalfundi. Hvert aðildarfélag getur aðeins haft einn fulltrúa í stjórn hverju sinni. Kosning fer fram á aðalfundi og skal vera skrifleg sé þess þörf. Falli atkvæði á jöfnu, skal varpa hlutkesti.

Eftir aðalfund skiptir stjórnin sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, gjaldkeri og ritari sem jafnframt skal vera varaformaður.

Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda félagið til skamms tíma til þess að mæta tímabundnum tekjumissi að hámarki svo unnt sé að standa við skuldbindingar félagsins vegna starfsfólks og reksturs á aðstöðu.

STJÓRNARFUNDIR

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Stjórnarmenn hafa jafnt atkvæðavægi á stjórnarfundi. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

FRAMKVÆMDASTJÓRI

8. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra félagsins telji hún þess þörf. Stjórn setur framkvæmdastjóra starfsreglur og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóri getur setið stjórnarfund óski stjórnin eftir því. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri skal ekki sitja í stjórn félagsins. Stjórn félagsins segir framkvæmdastjóra upp störfum.

ENDURSKOÐANDI

9. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til að endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja fyrir aðalfund. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

REIKNINGSÁRIÐ

10. gr.

Starfsár og reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en 31. mars ár hvert.

TEKJUR OG HAGNAÐUR

11. gr.

Aðildarfélög gera ekki arðsemiskröfu til félagsins. Verði hagnaður af rekstri félagsins skal honum varið til þeirra verkefna er greinir í 2. gr. samþykpta félagsins. Hagnað og tap má flytja milli ára.

Tekjur félagsins skulu samanstanda af:

- Árlegum félagsgjöldum aðildarféлага,
- Ýmsum öðrum framlögum og styrkjum.

LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

12. gr.

Breytingar á lögum félagsins skulu bornar upp til samþykktar á löglega boðuðum aðalfundi og samþykkja með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að lagabreytingum skulu liggja fyrir og kynntar aðilum a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund eða aukaaðalfund.

13. gr.

Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar.

Við slit og skipti félagsins skal verja eignum félagsins til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 2. gr. eftir nánari ákvörðun aðalfundar.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 13. apríl 2010. Samþykkt á stofnfundi félagsins í Reykjavík 13. apríl 2010.

Breytingar sem gerða hafa verið á lögnum:

Upphaflega var gert ráð fyrir að aðildafélagar þyrftu að vera búnir að tilkynna úrsögn úr félaginu fyrir 1 .mars, en á aðalfundi þann 8.apríl 2011 var samþykkt að breyta 4. grein - þannig að nú stendur, „ ...fyrir 1. febrúar..." .

Á aðalfundi 11.apríl 2013 voru gerðar breytingar á 5. grein - 5.lið - sem varðar kjör skoðunarmanna í stað löggilts endurskoðanda með vísan í 9. grein. Einnig var samþykkt breyting á 9. grein. Var áður: „ Stjórn félagsins skal velja löggiltan endurskoðanda (eða endurskoðendafélög) ásamt varamanni til að endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins."

Á aðalfundi 14.apríl 2016 voru samþykktar breytingar á 4. grein. Á aðalfundi 27. apríl 2017 voru samþykktar breytingar á 4. og 6. grein varðandi að opna fyrir aðild einstaklinga, og breytinga á aðildafyrirkomulagi varðandi atkvæði á aðalfundi. Bætt var við 4. flokki - stuðningsaðild sem er ætluð einstaklingum.

Á aðalfundi 26.apríl 2018 var samþykkt að hækka aðildagjöldin um 10%.

Á aukaaðalfundi 28. maí 2018 var samþykkt að breyta nafninu úr Vistbyggðarráð í Grænni byggð. Stjórn Grænni byggðar tók ákvörðun um að sækja um aðild að World Green Building Council árið 2017.

Á aðalfundi 11. september 2020 var samþykkt breyting á 5. gr. um störf aðalfundar þar sem stjórn er gert að leggja fram tillögu að stefnumótun næsta starfsárs og að leggja fyrir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Einnig var gerð sú breyting á gr. 6 um stjórn félagsins að takmarka hversu lengi sami einstaklingur getur setið í stjórninni og hversu lengi sami einstaklingur getur verið stjórnarformaður.

Á aðalfundi 21. apríl 2021 var samþykkt breyting á 4. gr. sem gerir stjórn félagsins ábyrga fyrir ávinningi aðildarflokka.

Á aðalfundi 25. Apríl 2023 voru samþykktar fimm efnislegar breytingar á 4. grein varðandi umsókn um inngöngu í félagið, ákvörðun félagsgjalds og atriðum þessu tengdu. Einnig voru samþykktar tvær breytingar á 5. grein um hlutverk aðalfundarfulltrúa og áheyrnarfulltrúa. Loks voru samþykktar sex efnislegar breytingar á 6. grein um skipan og kosningu stjórnar og veitingu heimildar fyrir stjórn að skuldbinda félagið til skamms tíma með skilyrðum.